

Sérstakar reglur um umferð og dvöl í Ingólfshöfða

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Ingólfshöfða sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Tjöldun og næturgisting er óheimil innan friðlandsins.
2. Þyrlum og öðrum mönnum loftförum er óheimilt að lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
3. Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
4. Kvikmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
5. Lausaganga hrossa er óheimil innan friðlandsins. Aðeins er heimilt að ríða eftir skilgreindum vegslóða.
6. Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegslóða.
7. Lausaganga gæludýra er óheimil.